



Fréttabréf

febrúar 2008

Námskeið um Tourette heilkenni o.fl. fyrir foreldra, kennara, og áhugasamt fagfólk

Námskeiðið verður haldið laugardaginn 23. febrúar 2008 ef næg þátttaka verður (til vara 15. mars), sjá þessar upplýsingar undir Næsta námskeið á www.tourette.is Námskeið þessi höldum við yfirleitt í sal Sjónarhóls á 3. hæð að Háaleitisbraut 11 – 13. Um dagsnámskeið er að ræða sem stendur frá kl. 9:30 að morgni og fram til kl. 15:30 og svo verður kynning í framhaldinu til um kl. 18. Tourette samtökin bjóða upp á kaffi og gos og auk þess samlokur í hádeginu.

Fyrirlesarar: Málfríður Lorange taugasálfræðingur og Kristín Kristmundsdóttir félagsráðgjafi.

Dagskrá:

- Yfirlit um Tourette heilkenni, lýsing á einkennum, orsakir, tíðni horfur og framvinda. Fylgiraskanir.
- Árátta og þráhyggjuhegðun hjá börnum og unglingum með Tourette.
- Reiði og reiðistjórnun.
- Jákvæðar hegðunarmótandi aðferðir, kennsla í notkun einfalds umbunarkerfis.
- Tourette og skólinn.

Haldin verða stutt fræðsluinnlegg, lögð áhersla á virkar umræður og unnið í fámennum hópum.

Í kjölfar námskeiðsins bjóða Tourette-samtökin yfirleitt upp á kynningu á Tourette, sem Íris Árnadóttir hefur haldið í skólum og víðar á vegum samtakanna. Sú kynning stendur í u.þ.b. klst. og að lokum geta þeir sem vilja rabbað saman um Tourette málefni.

Námskeið þessi eru aðeins haldin ef þátttaka er næg og verð námskeiðs er um þessar mundir um 20 þúsund kr. Tourette samtökin niðurgreiða námskeiðið um rúmlega helming fyrir foreldra í félaginu sem ekki hafa farið á það áður og hafa staðið í skilum með félagsgjaldið sitt. Nú kostar því námskeiðið foreldri/foreldra hvers barns um 8.000.- kr. ATHUGIÐ að sama verð er á námskeiðinu hvort sem annað foreldri eða bæði taka þátt og jafnvel þótt amma og afi komi líka.

Samtökin hafa líka greitt ferðastyrk á námskeiðið til félagsmanna sem búa úti á landi og ekki hafa farið áður á námskeið hjá okkur, sem nemur flugfargjaldi eins aðila pr. barn eða þá fyrir bensínkostnaði, og að því tilskildu að viðkomandi hafi greitt félagsgjöld. Ferðastyrkurinn er greiddur út í lok námskeiðs og framvísa þarf kvittun vegna ferðakostnaðar.



Fólk á vinnumarkaði getur sótt um styrk úr starfsmenntasjóði líka (bæði foreldrar og fagfólk). Biðjum við þá aðila sem hug hafa á þessu námskeiði að hafa samband með því að senda okkur tölvupóst á tourette@tourette.is eða hringja í símanúmer samtakanna 840 2210

COPE námskeið á vegum ADHD samtakanna í Reykjavík

Námskeiðið er ætlað foreldrum 4 - 12 ára barna með ADHD og hegðunarvanda og verður haldið að Háaleitisbraut 13, fræðslusal 4. hæð. Námskeiðið hefst 1. apríl 2008. Foreldrar 15 - 20 barna geta sótt um eða um 30 - 40 manns. Leiðbeinendur eru Kristín Kristmundsdóttir, félagsráðgjafi og Málfríður Lorange sálfræðingur hjá Geðvernd barna og unglunga (GBU), sjá nánar um þetta á www.adhd.is. Ef félagar í ADHD fylla ekki námskeiðið, þá geta félagsmenn í Tourette skráð sig á það og Tourette-samtökin munu niðurgreiða það fyrir skuldlausu féлага á sama hátt og ADHD gerir. Taka þarf fram við skráninguna að um félagsmann í Tourette-samtökunum sé að ræða.

Nýju bækurnar fá góðar viðtökur

Bæði einstaklingar, skólar og fagaðilar hafa pantað bækurnar og ýmsir lýst yfir ánægju sinni með efni þeirra. Bókin Tourette Syndrome – A Practical Guide for Teachers, Parents and Carers er nú í yfirlestri og reiknum við með að hún komi út á næstu vikum. Í framhaldi af því mun stjórnin senda kynningu á þessum þremur bókum til skóla og bókasafna. Sjá nánar um bækurnar á www.tourette.is



Varðandi að fá fyrirlesara eða aðra gesti á opið hús til okkar

Langt er síðan við höfum haldið hefðbundið opið hús. Það síðasta var í fyrra þegar Una Margrét Jónsdóttir kom til okkar og rabbaði við okkur um þráhyggjuröskun og svaraði fyrirspurnum okkar. Nokkrir hafa beðið um að fá Unu Margréti aftur á opið hús í vetur og tók hún þeirri beiðni vel. Stjórnin hefur hug á að halda aftur opið hús með Unu Margréti nú fljótlega og einnig annað eða fleiri opin hús í vor. Til dæmis að fá einn eða fleiri af taugalæknum barna til að halda fyrirlestur og/eða fullorðinstaugalækni, geðlækni, sálfræðing, til að færa okkur fróðleik. Ætlum við að hafa samband við einhverja þessa aðila á næstunni og negla dagsetningar. Síðan hyggjumst við auglýsa opnu húsin með þeim hætti að þau verði haldin ef lágmarkspáttaka verður, t.d. ekki færri en 10 manns, og biðja fólk að tilkynna þátttöku til okkar. Þetta er vegna þess að í nokkur skipti höfum við lent í að skipuleggja opið hús og enginn mætt nema fólk í stjórninni.

Uppfærsla Tourettevefjarins

Nýlega var útliti vefjarins okkar breytt og um leið uppfært ýmislegt efni þar. Í síðustu viku var virkjað dagatalið á vefnum og má nú smella á þá daga sem búið er að eyrnamerkja tilteknu efni og fá þannig fram upplýsingar um viðkomandi efni. Mestum hluta vefbreytingarinnar er nú lokið, en eftir er að uppfæra nokkrar síður og bæta við smávegis af efni, t.d. um jafningjafræðslu sem kennarar spyrja talsvert um. Ef þið hafið hugmyndir að efni eða breytingum, sendið okkur þá tölvupóst þar um á tourette@tourette.is

Og svo eru það hefðbundnu upplýsingarnar og áminningarnar:

Sjónarhóll, ráðgjafamiðstöð – Hvetjum fólk til að nýta sér þjónustu Sjónarhóls. Þar er að finna fagfólk, uppsafnaða reynslu og heilmikla hjálp að fá í sambandi við ýmis mál og margir okkar félagsmanna hafa nýtt sér þetta og fengið góðar úrlausnir. Slóðin er www.sjonarholl.net

ADHD samtökin – Fylgist líka með vef ADHD samtakanna, þar er ýmis gagnlegur fróðleikur og margt frétt næmt fyrir okkur, slóðin þeirra er www.adhd.is

Fyrir nýja félagsmenn – Endilega hafið samband með því að hringja eða senda tölvupóst. Ef ekki er svarað strax í símann, þá talið inn á talhólflið þar sem þetta er gsm sími og Erla gjaldkeri hringir síðan til baka um leið og færi gefst. Við skjótum á fundi með fólki með litlum fyrirvara ef þarf, til dæmis vegna erfiðleika í skóla, erfiðra aðstæðna þar o.fl.þ.h. Ef þið lendið í að fá ekki tölvupóst innan mánaðar eftir að þið skráið ykkur, þá hafið samband aftur. Tveir aðilar eru í því að skrá netföngin og fyrir getur komið að misfarist að setja netfang á tölvupóstlistann.

Minum að venju á félagsgjöldin – Allmikill fjöldi hefur þegar greitt, en betur má ef duga skal! Takið eftir að gjöldin hafa lækkað frá síðasta ári og eru nú aðeins kr. 1.700.-

Minum einnig á að tilkynna breytingar á netföngum og heimilisföngum – Verulegur misbrestur er á að fólk tilkynni slíkar breytingar og alltaf er nokkuð mikið um að við fáum fréttabréf í hausinn og tölvupósta. Einnig er allmikið um yfirfull póstsveði hjá tölvupóstþjónustum og sum ykkar missa af póstum þess vegna. Endilega sendið okkur tölvupóst á tourette@tourette.is um breytingar.